

ópersónulegur guðlegur kraftur, sem Jesús meðtók í skírnninni, og áframhaldandi gjöf guðlegs máttar reisti hann frá dauðum. Saga Jesú var í þeirra augum saga góðs manns, sem var sérstaklega af guði studdur, og þeirra hugmynd var að hver trúaður maður meðtæki hið sama guðlega afl í skírnninni og að lokum sömu upprisu. Jesús var að eins sá fyrsti af mörgum, en hann var skoðaður sem maður.

Eftir 190 voru þeir sem þessa skoðun höfðu ekki álitnir vel kristnir í Róm. Þeir voru gerðir rækir úr kyrkjunni af hinum rómverska biskupi. Fyrir hvaða ástæður? Fyrir ástæður, sem vér myndum nú kalla orþódoxar? Langt frá því. Tveir hinir næstu biskupar í Róm, Victor (189—190) og Zephyrinus (199—217) aðhylltust aðra skoðun, sem nefnd var „Modalismus“. Samkvæmt þeirri skoðun var Jesús umhugsunarlaust gerður að guði. Þjóð, sem var von við að gera höfðingja sína að guðum og var vel kunnug heiðnum sögnum, um holdtekju guða, fann enga erfiðleika á því, heldur þvert á móti hafði sterkar hvatir þess að taka Jesús upp í guða tölu. Að eins til að bjarga eingyðis trúnni í orði kveðnu geiðu þeir Jesús og guð að hinni sömu persónu. Faðir og sonur voru að eins nöfn á tveimur háttum eða framkomum guddómsins. Jesús var guð í holdinu, niðurstiginn til jarðarinnar í mannsmynd. Mann-dómur Jesú var að eins hinn mannlegi líkami hans. Í tuttugu og átta ár aðhylltust hinir rómversku biskupar þessa í eðli sínu heiðnu skoðun, þó að hinn hópurinn, sem eg áður nefndi, hefði sína eigin kyrkjustofnun og biskup. Árið 217 varð Callistus biskup aðalflokksins. Hann hafði aðhyllt skoðun modalista, en hann mætti nýrri mótspyrnu frá nokkrum, sem aðhylltust þriðju hugmyndina. Þessi þriðja hugmynd var fyrsti vísirinn til stefnu þeirrar, er síðar var kölluð orþódoxía. Það var skoðun þeirra manna, sem hugsuðu sér heiminn sem heimspakislega ráðgátu. Hvernig átti að útskýra fjölda takmarkaðra og skilyrðum bundnra hluta frá hinu eina takmarkalaus? Þessir menn réðu fram úr spurningunni með tilhjálp hugmynda- ar er átti upptök sín í grískri heimsspeki og hafði þroskast hjá Alexandríu-Gyðingunum, fráskilin hinni kristnu hreifingu og